

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – ÁSMUNDARSAFN



# KÚLAN / THE DOME

## Tumi Magnússon

**16. janúar – 16. febrúar**



## KÚLAN – sýning í þremur hlutum

Ásmundarsafn er eitt af sýnilegustu verkum Ásmundar Sveinssonar í borginni. Hann byggði húsið í áföngum á árunum 1942-1959 og er Kúlan elsti hluti þess. Form hennar sótti hann til hefðbundinnar húsagerðar Grikklands sem hann sá sem fyrirmynd að nýju, íslensku byggingarlagi, sniðnu að sérkennum hrjóstrugs og skóglauss landslags. Að þessu leyti er húsið merkileg og einstæð tilraun í sögu íslenskrar byggingarlistar.
Sem sýningarými á Kúlan sér fáar hliðstæður. Markmið þessarar sýningaraðar er að kanna möguleika rýmisins og hvetja til endurskoðunar á hlutverki Ásmundarsafns í samfélaginu. Þremur listamönnum hefur verið boðið að vinna verk inn í rýmið. Það eru Tumi Magnússon, Finnbogi Pétursson og Eygló Harðardóttir. Þó að verk þeirra séu um margt gjörólík, eiga þau það sameiginlegt að skynjun áhorfandans og tengsl við rýmið eru í forgrunni.
Vegna eðlis verkefnisins kemur sýningarskrá út stuttu eftir opnun síðustu sýningarinnar.
Sýningarstjórar eru Hanna Styrmisdóttir og Pétur H. Ármannsson.

## THE DOME – an exhibition in three parts

The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum is one of Sveinsson's most visible works in the city. He constructed the building in stages in the period from 1942 to 1959 and its oldest part is known as The Dome. Its form shows influences from Greek architecture, which Sveinsson saw as the model for a new Icelandic building style tailored to the distinctive features of the treeless landscape. In this respect, the Dome is a remarkable and unique experiment in Icelandic architectural history. As an exhibition space, it has few counterparts.
The aim of this exhibition series is to explore the possibilites of the space and to encourage a reexamination of the role of the museum itself within the community at large. Three artists have been invited to make work specifically for the space. They are Tumi Magnússon, Finnbogi Pétursson and Eygló Harðardóttir. Although their works are diametrically opposed in many ways, they share a concern for the audience's perception of the work and its interaction with the space.
Because of the nature of the event, the catalogue will only be published shortly after the opening of the last exhibition.
The event is curated by Hanna Styrmisdóttir and Pétur H. Ármannsson.



## Tumi Magnússon um KÚLUNA

"Kúlan er mjög sérstakt og um leið fallegt rými. Ég varð strax spenntur fyrir því að vinna verk inn í hana. Af því að rýmið er kúlulaga verður það að vissu leyti endalaust, engin horn eða loftlína til að negla það niður. Hljómburðurinn er mjög sérstakur. Hann minnir á hljómburðinn í Pantheon í Róm þó að þar sé hann magnaðri af því að þar er rýmið er stærra. Undanfarin ár hef ég unnið málverk og ljósmyndir sem hluta af rými.
Mér fannst gaman að hugsa verk inn í Kúluna, en um leið nokkuð krefjandi enda má segja að hún sé verk í sjálfu sér. Rýmið og hljómburðurinn verða ein upplifun. Það þýðir ekki að keppa við það, það verður að vinna með því og nýta sér eiginleika þess. Ég hef alltaf haft áhuga á hljóði og þó að ég hafi ekki sýnt hljóðverk hef ég gert tilraunir með það og skissur að verkum. Það er hljóð í videoverkinu sem ég sýni í Kúlunni og ég vonast til að geta nýtt mér hljómburðinn til að láta það heyrast úr öllum áttum – en það á eftir að koma í ljós. Ég vildi prófa að vinna með myndband – takast á við nýja hluti í þessu óvenjulega rými. Ég hef þó gert myndbönd áður, en ekki sýnt þau ennþá. Verkið sem ég sýni núna er unnið í náinni tengingu við rýmið. Að vissu leyti er það eins og málverk. Málaravideó. Í raun er það bara litir sem birtast við mjög hversdagslega athöfn – það að drekka. Um leið er það gluggi."

## Tumi Magnússon on THE DOME

"The Dome is a very extreme and at the same time, beautiful space. I found it exciting right away to make a piece for it. Because it is domed it becomes endless in a way, with no ceiling or corners to pin it down. Its acoustics are very special. I'm reminded of the acoustics of the Pantheon in Rome although there they are amplified because the space is bigger.
In recent years I have been making site-specific paintings and photographs.
I liked doing this piece for the Dome but it was challenging as well; you could say it's a work in its own right. The acoustics and the space become a single experience. There's no point in competing with it, you must work with it and take advantage of its attributes.
I've always been interested in sound and although I haven't exhibited any actual soundworks, I have experimented with sound and made sketches for works. There is sound in the videopiece I am doing for the Dome and I'm hoping I'll be able to use the acoustics so that the sound will be heard from all directions – but it remains to be seen. I wanted to try working with video – to show new things in this unusual space. I have made videos before but haven't exhibited any yet. The work I am exhibiting now is done specifically for this space. In a certain respect it's like a painting. A painter's video. It's really as simple as colours that appear through a very ordinary act – that of drinking. At the same time it's a window."

## Kjarvalsstaðir

**Flókagötu - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00**

**Sunnudaginn 19. janúar kl. 15.00**
**Listamannaspjall**

Meðlimir *then* hópsins segja frá verkum sínum á sýningunni *then ...hluti 4 – minni forma* og ræða við gesti. Birgir Snæbjörn Birgisson mun leiða spjallið.

**Þriðjudaginn 11. febrúar kl. 20.00**
**Málþing og pallborðsumræður á Kjarvalsstöðum**
**Hvert liggur straumurinn?**

Hvernig er myndlistin á nýrri öld? Er eitthvað hæft í staðhæfingum um að hefðbundnir miðlar eigi aukins fylgis að fagna meðal ungra listamanna? Er kannski um að ræða víðtækari tilhneigingu í samfélaginu til að hverfa aftur til hluta sem hægt er að handleika? Framsöguerindi flytja: Birgir Snæbjörn Birgisson, Hlynur Hallson og Ragna Sigurðardóttir.

## Hafnarhús

**Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík**

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00**

**Mánudaginn 20. janúar kl. 20.00**
**Fyrirlestur í Hafnarhúsi**
**The Place of the Work of Art**

Jonathan Dronsfield heimspekingur og forstöðumaður listrannsóknadeildar Háskólans í Southampton heldur fyrirlestur sem hann nefnir "The Place of the Work of Art". Fyrirlesturinn er í tengslum við sýninguna *then ...hluti 4 – minni forma* en Jonathan er hingað kominn vegna sýningarinnar og skrifar m.a. grein í sýningarskrána.

**Monday January 20th at 8pm.**
**A Lecture at Reykjavik Art Museum, Hafnarhús**
**The Place of the Work of Art**

Jonathan Dronsfield, Director of the Centre for Contemporary Art Research (CCAR) at the University of Southampton, will give a lecture called "The Place of the Work of Art". The lecture is in connection with the exhibition *then ...part 4 – remembered structures.*

## Ásmundarsafn

**Sigtúni - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201
Opið daglega 13-16 / *Open daily* 13-16

**Laugardaginn 18. janúar**
verður leiðsögn um Ásmundarsafn og listamannsspjall Tuma Magnússonar í Kúlunni kl.15

**Kúlan**
Tumi Magnússon: 16. janúar – 16. febrúar
Finnbogi Pétursson: 27. febrúar – 30. mars
Eygló Harðardóttir: 10. apríl – 11. maí

**Sunnudaginn 9. febrúar**
verður óformlegt spjall um samspil myndlistar og arkítektúrs í verkum Ásmundar Sveinssonar. Pétur H. Ármannsson arkitekt mun leiða spjallið sem hefst kl.15.

**The Dome**
Tumi Magnússon: January 16th – February 16th
Finnbogi Pétursson: February 27th – March 30th
Eygló Harðardóttir: April 10th – May 11th

**ATH! Samhliða sýningunni then ...hluti 4 verður opnuð sýningin „then ...hluti 5 – nýleg kynni" í Listasafni ASÍ, Ásmundarsal, Freyjugötu 41, Reykjavík og stendur hún frá 1. til 16. febrúar 2003.**

***NB! Also showing: "then ...part 5 – recent encounters" during the period February 1th to 16th, 2003 at ASÍ Art Museum, Freyjugata 41, 101 Reykjavík.***

GUTENBERG

Íslandssími C